



Fréttatilkynning frá
skrifstofu forseta Íslands

MAHMOUD ABBAS
FORSETI PALESTÍNSKU STJÓRNARINNAR
Á ÍSLANDI

Mahmoud Abbas forseti palestínsku stjórnarinnar verður á Íslandi á morgun þriðjudaginn 22. apríl. Hann mun eiga fund með forseta Íslands og snæða hádegisverð á Bessastöðum. Síðdegis mun hann eiga fund með Ingibjörg Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra. Abbas er á leið til Bandaríkjanna til fundar við George Bush forseta í Washington. Nánar verður tilkynnt um tímasetningar atburða í fyrramálið.

21. apríl 2008

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).